


Áhugakönnun fræðslunefndar

Lögð var fyrir félagsmenn Funa áhugakönnun á vegum fræðslunefndar dagana 17 til 20 desember 2010. Alls svoruðu 16 manns könnuninni sem var send út í tölvupósti. Nokkuð fleiri karlar svoruðu könnuninni eða alls 56% á móti 44% kvenna. Engir svarendur voru á aldursbili yngri en 13 ára eða 14 til 17 ára. Nánari sundurliðun á svarendum eftir kyni og aldri má sjá á mynd 1.

Svarhlutfall m.v. kyn og aldur



Mynd 1


Alls voru lagðar fyrir 15 spurningar og spurt var um breyturnar kyn og aldur. Spurningalistinn var sem hér segir:

- Hversu ánægð/ur ertu með störf fræðslunefndar Funa?
- Hversu mikinn áhuga hefur þú á að sækja fræðslufyrirlestra varðandi hesta og hestamennsku í Funaborg?
- Á hvaða tíma hentar þér best að sækja fræðslufyrirlestra í Funaborg?
- Hversu mikinn áhuga hefur þú á að sækja járningarnámskeið fyrir byrjendur á vegum Funa?
- Hversu mikinn áhuga hefur þú á að sækja framhaldsnámskeið í járningum á vegum Funa?
- Hversu mikinn áhuga hefur þú á að sækja knapamerkjánámskeið á vegum Funa?
- Hversu mikinn áhuga hefur þú á að sækja verkleg námskeið í reiðkennslu á vegum Funa? Hér er ekki átt við knapamerkjánámskeið.
- Hvaða reiðkennara langar þig mest til að sækja reiðnámskeið hjá?
- Hversu mikinn áhuga hefur þú á að sækja Íþróttadómaranámskeið?
- Hversu mikinn áhuga hefur þú á að sækja Gæðingadómaranámskeið?
- Hversu mikinn áhuga hefur þú á að fara í Vísindaferðir á vegum Funa?
- Hvað ertu tilbúin til að verja hárrí upphæð í námskeið á vegum Funa, á einu ári? Hér er átt við upphæð á einstakling.
- Hversu mikilvægt telur þú að Funi taki þátt í niðurgreiðslu námskeiðskostnaðar félagsmanna?
- Hversu mikilvægt telur þú að fræðslunefnd Funa starfi með færðslunefndum nágrenna félaganna.
- Eitthvað annað sem þú vilt taka fram?
- Kyn
- Aldur

Niðurstöður hverrar spurningar

Spurning 1. Hversu ánægð/ur ertu með störf fræðslunefndar Funa?

Byrjað var á því að kanna ánægju félagsmanna með starf fræðslunefndar. Helmingur félagsmanna er frekar ánægður með störf fræðslunefndar en 44% eru hvorki ánægð né óánægð. Aðeins einn félagsmanni var mjög óánægður. Sundurliðun svara er sýnd á mynd 2.




Mynd 2

Meirihluti kvenna er frekar ánægður með störf fræðslunefndar en karlar eru í meirihluta þeirra sem eru hvorki ánægðir né óánægðir.

Spurning 2. Hversu mikinn áhuga hefur þú á að sækja fræðslufyrirlestra varðandi hesta og hestamennsku í Funaborg?

Niðurstöður þessarar spurningar sýna að mikill áhugi er meðal félagsmanna á fræðslufyrirlestrum í Funaborg. Alls 88% þátttakenda hafa mjög mikinn eða frekar mikinn áhuga á að sækja fræðslufyrirlestra í Funaborg. Mynd 3 sýnir nánari sundurliðun á niðurstöðum þessarar spurningar.




Mynd 3

Spurning 3. Á hvaða tíma hentar þér best að sækja fræðslufyrirlestra í Funaborg?

Flestum hentar best að mæta um helgar eða alls 51%. Jafnt hlutfall er á milli eftir hádegi um helgar og á kvöldin, mánudag til föstudags. Nánari sundurliðun er sýnd á mynd 4.

Á hvaða tíma hentar þér best að sækja fræðslufyrirlestra í Funaborg?




Mynd 4

Af svarendum sem geta mætt um helgar eru 78% karlar en meirihluti svarenda sem geta mætt á virkum kvöldum eru konur.

Spurning 4. Hversu mikinn áhuga hefur þú á að sækja járnningarnámskeið fyrir byrjendur á vegum Funa?

Nokkuð jafnt er á milli svarenda sem hafa áhuga á námskeiði fyrir byrjendur og þeirra sem ekki hafa þennan áhuga. Þeir eru þó heldur fleiri sem hafa ekki áhuga eða 50% á móti 44%, sjá mynd 5.

Hversu mikinn áhuga hefur þú á að sækja járnningarnámskeið fyrir byrjendur á vegum Funa?




Mynd 5

Áhuginn er minnstur hjá körlunum, 75% þeirra sem hafa frekar lítinn eða mjög lítinn áhuga eru karlmenn 22ja ára og eldri. Helmingur þeirra sem hafa ekki áhuga á járnningarnámskeiði fyrir byrjendur hafa mjög mikinn eða frekar mikinn áhuga á framhaldsnámskeiði.

Spurning 5. Hversu mikinn áhuga hefur þú á að sækja framhaldsnámskeið í járningum á vegum Funa?

Yfir helmingur svarenda hefur áhuga á að sækja framhaldsnámskeið í járningum, alls 57%. Nánari sundurliðun er sýnd á mynd 6.




Mynd 6

Kynjahlutfall þeirra sem hafa mjög mikinn og frekar mikinn áhuga er nokkuð jafnt, 44% kvenna og 56% karla.

Spurning 6. Hversu mikinn áhuga hefur þú á að sækja knapamerkjanámskeið á vegum Funa?

Áhugi svarenda á knapamerkjanámskeiði er líttill. Aðeins 25% hafa áhuga á móti 56% sem hafa mjög lítinn áhuga, sjá mynd 7.




Mynd 7

Kynjahlutfall þeirra sem hafa áhuga á að sækja knapamerkjanámskeið er jafnt.

Spurning 7. Hversu mikinn áhuga hefur þú á að sækja verkleg námskeið í reiðkennslu á vegum Funa? Hér er ekki átt við knapamerkjanámskeið.

Alls 81% svarenda hefur mjög mikinn eða frekar mikinn áhuga á að sækja reiðnámskeið og kynjahlutfallið er jafnt. Nánari sundurliðun á svörum er sýnd á mynd 8.


**Hversu mikinn áhuga hefur þú á að sækja verkleg námskeið í
reiðkennslu á vegum Funa? Hér er ekki átt við
knapamerkjanámskeið.**



Mynd 8

Spurning 8. Hjá hvaða reiðkennara langar þig mest til að sækja reiðnámskeið?

Sara Arnbro fær flest atkvæði þáttakenda. Þau sem velja Söru hér eru þeir sem hafa áhuga á knapamerkjanámskeiðunum. Mjög jöfn dreifing er á milli annara reiðkennara sem voru nefndir, 11% svarenda er sama hver kennir, sjá mynd 9.




Mynd 9

Sara, Eyjólfur og Sölvi fá eitt atkvæði frá svarendum sem hafa frekar lítinn eða mjög lítinn áhuga á að sækja námskeið sem spurt er um í spurningu 7.

Spurning 9. Hversu mikinn áhuga hefur þú á að sækja íþróttadómaranámskeið?


Alls 32% þáttakenda hafa mjög mikinn eða frekar mikinn áhuga á að sækja íþróttadómaranámskeið á móti 44% sem hafa frekar lítinn eða mjög lítinn áhuga. Konur eru í meirihluta þeirra sem hafa áhuga eða 80%. Karlar eru 75% svarenda sem hafa hvorki mikinn né lítinn áhuga, sjá nánar á mynd 10.



Mynd 10

Spurning 10. Hversu mikinn áhuga hefur þú á að sækja gæðingadómaranámskeið?

Yfir helmingur svarenda hefur frekar lítinn eða mjög lítinn áhuga á móti 38% sem hafa mjög mikinn eða frekar mikinn áhuga á slíku, sjá nánar á mynd 11.




Mynd 11

Áhugi kynjanna á að sækja gæðingadómaranámskeið er jafn. Allir þeir sem hafa mjög mikinn eða frekar mikinn áhuga á Íþróttadómaranámskeiði hafa mjög mikinn eða frekar mikinn áhuga á gæðingadómaranámskeiði að einum svarenda undanskildum. Tveir af þeim sem svoruðu spurningu 9 að þeir hefðu hvorki mikinn né lítinn áhuga á Íþróttadómaranámskeiði hafa frekar mikinn áhuga á Gæðingadómaranámskeiði.

Spurning 11. Hversu mikinn áhuga hefur þú á að fara í vísindaferðir á vegum Funa?

Rúmlega helmingur svarenda hefur áhuga á að fara í Vísindaferðir á vegum Funa á móti 12% sem hafa frekar lítinn eða mjög lítinn áhuga. Alls 31% svarenda hafa hvorki mikinn né lítinn áhuga á vísindaferð. Kynja- og aldurshlutföllin eru jöfn m.v. svörum.

Hversu mikinn áhuga hefur þú á að fara í Vísindaferðir á vegum Funa?




Mynd 12

Spurning 12. Hvað ertu tilbúin til að verja hárrí upphæð í námskeið á vegum Funa, á einu ári? Hér er átt við upphæð á einstakling.

Flestir svarenda eru tilbúnir til að vera 10 til 20 þúsundum eða 20 til 30 þúsundum.

Hvað ertu tilbúin til að verja hárrí upphæð í námskeið á vegum Funa, á einu ári? Hér er átt við upphæð á einstakling.




Mynd 13

Þeir svarendur sem eru tilbúnir að verja yfir 30.000 kr. í námskeið eru allir karlmenn 22ja og eldri. Konur eru í meirihluta, alls 80%, þeirra sem eru tilbúin að verja 20.000 til 30.000 kr. á ári í námskeið.

Spurning 13. Hversu mikilvægt telur þú að Funi taki þátt í niðurgreiðslu námskeiðskostnaðar félagsmanna?

Tæplega helmingur svarenda telur mikilvægt að Funi taki þátt í að niðurgreiða námskeiðakostnað félagsmanna eða 44%. Um þriðjungur svarenda telur það hvorki mikilvægt né ekki mikilvægt en 66% þeirra taka fram í spurningu 15 að mikilvægt sé að niðurgreiða kostnað fyrir börn og unglinga. Konur eru í meirihluta þeirra sem vilja niðurgreiðslu, sjá mynd 14.


Hversu mikilvægt telur þú að Funi taki þátt í niðurgreiðslu námskeiðskostnaðar félagsmanna?



Mynd 14

Spurning 14. Hversu mikilvægt telur þú að fræðslunefnd Funa starfi með fræðslunefndum nágrannafélaganna?

Aðeins 18% svarenda finnst það hvorki mikilvægt né ekki mikilvægt eða frekar “ómikilvægt” að fræðslunefnd Funa starfi með fræðslunefndum nágrannafélaganna, sjá mynd 15.



Mynd 15

Spurning 15. Eitthvað annað sem þú vilt taka fram?

Þær athugasemdir sem svarendur könnunarinnar nefndu eru:

- Stofna þarf hverfa eða aldurshópa innan Funa
- Gott framtak að hafa svona könnun
- Niðurgreiðslur fyrir börnog unglings en ekki fullorðna
- Niðurgreiða kostnað fyrir börn, laga reiðhöll
- Mikilvægt að Funamenn nýti Melaskjól
- Líka hægt að hafa fyrirlestra eftir hádegi virkadaga
- Mér finnst mikilvægt að Funi styrkji námskeið og þ.á.m. knapamerki. Finnst allt of dýrt að fólk þurfi að borga fullt verð hérna til að taka km. Fólk gengur þá frekar í létti og sækir námskeiðin þangað, þar sem þeir greiða þau niður að hluta og eru virkari.